

Fjórar árstíðir.

Hörður Karlsson er forstöðumaður myndsmíðadeildar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins í Washington D.C. segir í boðskorti, en maður er nú ekki alveg klár, á hvað súdeild gerir, maður vissi a.m.k. ekki að alþjóðabankar stunduðu myndsmíði að neinu ráði, nema þegar þeir draga upp dapurlegar myndir af ástandinu í heiminum í efnahags- og gjaldeyrismálum, þar sem allt er í kalda koli.

En hvað um það, Hörður Karlsson er ágætur myndlistar maður og vel gjaldgengur á því sviði. Segja má þó að myndir hans séu fremur einhæfar,



fólk í listum

Það er ekki auðvelt að skilgreina tálgnar, en líklega verða þær að teljast til höggmynda fremur en íprótta, þótt eigi sé það á færi allra, sem við myndskurð fást, að ráðast í tálgur. Ef vel á að vera, verður

sinum á framfæri. Undanfarin ár hefur hann mest fengizt við Collage myndir, þ.e. myndir limdar upp úr ýmsum efnum. Þetta voruskemmtileg verk, en viðkvæm í varðveislu.

Nu hefur Sigurður tekið það upp að mála myndefnið með olíu, og sumt yfirfærir hann fótografísk með silkiprenti yfir á myndflötinn. Þetta eru mjög margar skemmtilegar myndir bæði tæknilega og eins myndlistarlega, og einhvern veginn virðast þær meira sannfærandi en fyrri myndir.

Þá hefur hann einnig collage myndir á sýningunni, flestar fremur smáar og er þær mjög vel gerðar.

Collage-æði margra ungra myndlistarmanna, undir forystu Magnúsar Kjartanssonar var orðið dálítið hvítleitt. Mikil var gert af subbulegum, verklega illa unnum myndum, en nú virðist fundin ný leið til þess að vinna í samhengi við fyrri stefnu.

Myndlistin stendur að mörgu leyti á tímamörkum núna.

Ný tækni skilar myndlistinni fram. Þó verður ávallt nokkur vandi að meta höfundarétt. Margir tala um að t.d. offset-grafík sé ekki grafík, en þessi leið var oft — og er — notuð til þess að fjölfalda og útbreiða collage-myndir. Tækni Sigurð-



Málverk eftir Hörð Karlsson

blanda af tassisma og náttúrustælingu í senn, og myndirnar eru sumar af dekoratívar fyrir vorn smekk. Hörður Karlsson hefur hlotið ágætán frama erlendis, bæði í myndlist og eins í listrænni vinnu.

Hörður er fæddur í Reykjavík árið 1933 og hóf listnámið þar. Hann fór tvítugur til Bandaríkjaanna og starfar nú sem forstöðumaður myndsmíðadeildar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins í Washington. Hann stundaði nám við Corcoran listaskólann í Washington og einnig um nokkurt skeið við háskólann í Mexíkóborg.

Hörður Karlsson hefur tekið að fjölda frimerkja. Árið 1961 varð hann ásamt samverkamanni sínum hlutskarpastur í samkeppni, sem Póststjórn Sameinuðu þjóðanna gekkst fyrir, um frimerki til heiðurs Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum.

Nokkrum árum síðar bar hann sigur úr býtum í frimerkjasamkeppni Póst- og simamálaráðs Evrópu, verðlaunafrimerkið var gefið út í sextán Evrópulöndum.

Í tilefni hálftrar aldar afmælis bandarísku flugpóstþjónustunnar árið 1968 var gefið út 10 centa frimerki, sem Hörður teiknaði.

En þó ekki allt talið, sem til frama má reikna. Það spillir nokkuð sýningu Harðar Karlssonar hvað hún er einhæf, enda tilbrigði við eitt svið, árstíðirnar. Það spillir einnig heildarsvip sýningarinnar að myndirnar eru allar mjög litlar og njóta sín því ekki sem skyldi í hinum stóra sal.

Það er fengur að því, að fá Hörð Karlsson hingað til lands. Margir íslenskir listamenn starfa erlendis og láta of sjaldan um sig vita hér á landi, og er það miður.

Tálgur Snorra

Snorri Karlsson myndskurðarmaður sýnir nokkrar tálgur á sýningu Harðar Karlssonar, og gefur það sýningunni aukilið afli. Snorri Karlsson hefur haft hljótt um sig, en lengi var vitað að hann var góður í höndunum, og hafði unnið sér nokkra frægð sem myndskeri og tálguhönnuður.

Málverk og tálgur

trjábuturinn að vera áfram tré, þrátt fyrir holskurðinn.

Við undrumst formskyn Snorra og däumst um leið að handbragðinu. Þeir Snorri og Hörður eru bræður.

Sigurður Örlygsson.

Sigurður Örlygsson, listmálari deilir Vestursalnum með þeim Herði og Snorra.

Það er mjög ánægjulegt að koma á þessa sýningu, því Sigurður hefur nú fundið betri leið til að koma hugmyndum

ar, eða silkiprent hans er á hinn bóginn langt innan þeirra marka er við setjum um persónuleg afskipti myndlistarmanna af verkum sínum, og myndirnar eru sannfærandi og vel gerðar í senn, bæði frá tæknilegu og listrænu sjónarmiði og nú leikur manni meiri forvitni á að vita framhaldið en áður var.

Báðum þessum sýningum að Kjarvalsstöðum lýkur núna um næstu helgi. (21. maí)

Jónas Guðmundsson.



Mynd eftir Sigurð Örlygsson.



Elva Björk Gunnarsdóttir: „Aðalstöðvarnar í Esjubergi eru fyrir löngu b...”

„Geysilega nýting á bóka

— Útlán nokkuð yfir eina milljón — segir Elva Björk Gunnarsdóttir

FI — Það er geysilega mikil nýting á bókunum, sagði Elva Björk Gunnarsdóttir borgarbókavörður í samtali við Tímann, er hún var spurð fréttu. „Útlán á síðasta ári námu í aðalsafni tæpum 350 þúsundum og útlán í heild fóru nokkuð yfir eina milljón. Gífurlega aukning hefur orðið í talbókasöfnun og bókabíllarnir eru nýttir út í æsar. Eg get nefnt sem dæmi, að bókabíllarnir tveir lánuðu út á sl. ári 250 þúsund bækur, sem er töluvert meira en hjá útibúum okkar í Sólheimum og í Bústaðakirkju.”

Það kom í ljós í samtalinu við Elvu Björku að bókabíllarnir eru

heil kapituli út af fyrir sig og aðstaða þeirra er hvergi nógu góð, miðað við það þjónustusvið, sem þeim er ætlað. Afgreiða þeir Breiðholtshverfin og Arbæjarhverfi auk ellefu stada í austurbæ Reykjavíkur og fjögurra í vesturbæ. Stendur einnig til að Seljahverfi bættist í hópinn innan skamms. En bókabíllunum er ekki einu sinni hægt að koma í hús og fer hleðsla öll og afhleðsla fram utan dyra, hvernig sem viðrar. Mun ekkert úr rætast fyrir þessum hjólandi bókasöfnum fyrr en hafin verður bygging nýs Borgarbókasafns, sem rísa á í nýja miðbænum svokallaða, en ætlað er að

Bjartari tími


— rætt við Jakob Kristinsson framkvæmdastjóra Fiskvinnslunnar á Bildudal

Eg held að óhætt sé að segja að við séum nú komnir yfir mestu erfiðleikana og bjartari tímar séu framundan með rekstur frystihússins, sagði Jakob Kristinsson framkvæmdastjóri frystihússins í viðtali við Tímann. Ljóst er þó að ekkert má slaka á með uppbygginguna og við verðum að reyna að tryggja okkur sem bezt gegn öllum hugsanlegum áföllum. T.d. verðum við að tryggja hráefnisöflunina betur en nú er, þótt ljóst sé að af því verði ekki alveg á næstunni.

Jakob sagði, að það hefði verið árið 1975, sem hafizt var handa um uppbyggingu frystihússins. Þá myndaði hreppurinn og einstaklingar hlutafélag um reksturinn og var húsið allt endurbætt og því breytt. Rekstur í því hófst síðan í desember 1976, en vegna þess hve illa það var þá enn búið vélum og tækjum gekk reksturinn erfiðlega auk þess, sem miklar skuldir hvíldu á fyrirtækinu.

Í september í vetur var fyrirtækinu lokað um tveggja mánaða skeið. Þá var unnið að endurskipulagningu og þá

fékkst einnig fyrrgreiðsla til þess að efla og bæta aðstöðuna. Á þessum tíma var hlutaféð aukilið um 45 millj. kr. og kom þriðjungurinn af þeirri upphæð



Jakob Kristinsson